



FRÉTTABRÉF TIL FORRÁÐAMANNA Í GLERÁRSKÓLA

Glerárskóli, 8. maí 2015

9. tbl. 4. árg.

Maí - júní 2015

Komið þið sæl og enn og aftur, gleðilegt sumar!

Þá er að hefjast síðasta lotan okkar hér í Glerárskóla. Maímánuður hafinn og skólalok á næsta leyti. Sólin hefur verið í feluleik undanfarið en von er til þess að hún fari nú að láta sjá sig svo við getum farið að vinna vorverkin í skólanum.

Í maí er alltaf líf og fjör í Glerárskóla. Skipulag mánaðarins er tilbúið og væntanlega komið í heimahús og allir keppast við að ljúka margskonar verkum. Próf og verkefnavinna er í hámarki og þegar líður á mánuðinn verður útiveran aukin og margt brallað í náttúrunni.

Það er því margt skemmtilegt framundan og að mörgu að hyggja fyrir skólalok sem verða föstudaginn 5. júní n.k.

Skipulagsvinna fyrir næsta skólaár en einnig í fullum gangi og því er margt sem huga þarf að á næstu vikum hér í skólanum.

En snúum okkur að fréttum og fróðleik.

Næsta fréttabréf kemur út í ágúst og nýtt skóladagatal lítur dagsins ljós von bráðar og verður þá birt á nýrri heimasíðu skólans.

Allar nánari upplýsingar má fá í skólanum í síma: 461-2666.

Kveðja, stjórnendur Glerárskóla

Eyrún, Elín og Helga

NÝ HEIMASÍÐA GLERÁRSKÓLA

Komin er í loftið ný heimasíða Glerárskóla - www.glerarskoli.is og bætast nú jafnt og þétt inn á hana upplýsingar um skólastarfið. Einnig er skólinn okkar kominn á Facebook undir heitinu: Glerárskóli (opin síða) og frístund hefur opnað nýja síðu á Facebook undir heitinu: Frístund Glerárskóla (lokuð síða). Upplýsingaflæðið batnar því jafnt og þétt sem er afar gleðilegt.

Njótið sumarsins. Við hlökkum til að sjá ykkur á nýju skólaári, 21.ágúst 2015



Til íhugunar:

- Bros
- Sumar
- Samtakamáttur
- Jákvæðni



Efnisyfirlit:

Maí - júní 2015	1
Frá bókasafni Glerárskóla	2
Skólaslit 2015	2
Frjálsípróttamót UFA	2
Skólaferðalag	2
Skipulag 2015 - 2016	3
1. bekkur - vörfundur	3
Rýmingaræfing	3
Skóladagatal	3
Vorhátíð	4
Farartæki á hjólum	4
Skipulagsdagur - uppbot	4
Skólabyrjun	4

Frá bókasafni Glerárskóla

Síðustu skiladagar nemenda á bókum á bókasafn Glerárskóla eru sem hér segir:

8. - 10. bekkur: Föstudagurinn 15. maí 2015

1.- 7. bekkur: Föstudagurinn 22. maí 2015

Við biðjum forráðamenn að aðstoða börnin sín við að finna þær bækur sem koma þarf til skila á bókasafnið.

Skólaslit Glerárskóla 2015

Skólaslit Glerárskóla vorið 2015 verða föstudaginn 5. júní n.k. Þann dag mæta allir snyrtilega klæddir og eiga saman hátíðlega stund, bæði starfsmenn, nemendur og forráðamenn. Skipulagið verður eftirfarandi:

1.- 4. bekkur kl. 9:00

*Nemendur mæta í umsjónarstofur og koma síðan með umsjónarkennara í íþróttasal þar sem fram fara formleg skólaslit á starfi vetrarins. Eftir slitin fara nemendur með umsjónarkennara í stofur þar sem fram fer kveðjustund og afhending námsmats.

5. - 7. bekkur kl. 10:00

*Nemendur mæta í umsjónarstofur og koma síðan með umsjónarkennara í íþróttasal þar sem fram fara formleg skólaslit á starfi vetrarins. Eftir slitin fara nemendur með umsjónarkennara í stofur þar sem fram fer kveðjustund og afhending námsmats.

8. - 10. bekkur kl. 17:00 í Gleráarkirkju

*Hátíðarstund sem hefst stundvíslega. Nemendur 8. og 9. bekkjar fá afhent námsmat og 10. bekkjar verða útskrifaðir formlega. Að lokinni athöfn eru veitingar fyrir 10. bekkja, forráðamenn og starfsfólk skólans í boði 10. bekkjar. Forráðamenn 9. bekkjar standa kaffivaktina.

Nánari upplýsingar þegar nær dregur.

Frjálsíþróttamót UFA fyrir 4. - 7. bekk

Dagana 19. - 22. maí 2015 er haldið íþróttamót UFA á Akureyri. Nemendur í 4. - 7. bekk taka þátt í því og hefst keppnin alla dagana kl. 9:00. Skipulagið verður eftirfarandi:

4. bekkur: Þriðjudaginn 19. maí kl. 9:00

5. bekkur: Miðvikudaginn 20. maí kl. 9:00

6. bekkur: Fimmtudaginn 21. maí kl. 9:00

7. bekkur: Föstudaginn 22. maí kl. 9:00

Nánari upplýsingar fást hjá íþróttá- og umsjónarkennurum.

Skólaferðalag 10. bekkjar

Dagana 11. - 13. maí fer 10. bekkur ásamt umsjónarkennurum í skólaferðalag. Ferðinni er heitið á Snæfellsnes og í Skagafjörð og verður án efa bæði skemmtileg og fróðleg. Við óskum ferðalöngum góðrar ferðar og hlökkum til að heyra ferðasöguna eftir heimkomu :)

Spakmæli

„Framtíð okkar gengur á

fótum barnanna.“

Phillip Brooks

Skipulag 2015 - 2016 - umsjónarhópar og umsjónarkennarar

Skólaárið 2015 - 2016 verða nokkrar skipulagsbreytingar í Glerárskóla vegna fækkunar á tímaúthlutun sem kemur til vegna fækkunar nemenda í skólanum.

Umsjónarhópar og umsjónarkennarar verða samkvæmt eftirfarandi (birt með fyrirvara um breytingar):

1. bekkur: Aðalheiður Bragadóttir og Inga Huld Pálsdóttir
2. bekkur: Anna Sigríður Halldórsdóttir og Heimir Freysson
3. bekkur: Þorbjörg Otta Jónasdóttir og Hólmfríður Guðnadóttir
4. bekkur: Guðrún Þóra Björnsdóttir og Guðríður Sigurðardóttir
5. bekkur: Íris Hafberg
6. bekkur: Jóhann Ingi Einarsson og Tómas Lárus Vilbergsson
7. bekkur: Anna Guðrún Jóhannesdóttir
8. og 9. bekkur: Sigríður Víkingsdóttir, Sigurjón Magnússon og Sigríður Hreinsdóttir
10. bekkur: Ingibjörg Kristín Gunnarsdóttir og Fríða Pétursdóttir

Allar nánari upplýsingar veita stjórnendur.

Rýmingaræfing - óvænt!

Í vikunni 11. - 15. maí n.k. verður óvænt rýmingaræfing í Glerárskóla. Við biðjum forráðamenn að ræða við börnin sín um mikilvægi slíkra æfinga og að öllu máli skipti að fara eftir þeim reglum sem um þær gilda. Æfingin þarf að gefa okkur raunverulega mynd af því sem gerist ef til rýmingar kemur og því skiptir öllu að nemendur séu meðvitaðir um hvað þeir eiga að gera þegar að rýmingu kemur.

Við biðjum forráðamenn að senda börnin með auka sokka í töskunni þessa viku þar sem nemendur fara út á sokkum/inniskóm þegar kallið kemur.

Allar nánari upplýsingar má nálgast hjá ritara, húsverði eða stjórnendum.

Skóladagatal 2015-2016

Skóladagatal 2015 - 2016 fyrir Glerárskóla hefur nú verið samþykkt af skólaráði Glerárskóla og Skólanefnd Akureyrarbæjar. Dagatalið verður því birt á heimasíðunni okkar fljótlega. Eins og áður hefur komið fram hefur úthlutun á kennslutímum til skólans dregist verulega saman vegna nemendafjölda og hefur starfsfólki verið fækkað vegna þess. Nemendafjöldi næsta skólaárs verður um 300 nemendur en erfitt er að fullyrða um endanlega tölu fyrir en á haustdögum. Verið er að vinna í skipulagi fyrir næsta ár eins og áður sagði og verður sú vinna í gangi fram að næsta hausti.

Spakmæli

**„Ræktaðu barnið í
sjálfum þér, það færir þér
hamingju fram yfir gull.“**

Ludwig Van Beethoven

Vorfundur með tilvonandi 1. bekk

Miðvikudaginn 20. maí n.k. kl. 16:00,
verður fundur fyrir tilvonandi

1. bekkinga í Glerárskóla og
forráðamenn þeirra. Nemendur fá að
skoða skólann og hitta kennarana sína
á meðan forráðamenn fá hagnýtar
upplýsingar um skólagönguna.

*Sameiginleg **vorhátíð Glerárskóla og Foreldrafélags Glerárskóla** verður haldin fimmtudaginn 4. júní 2015 milli kl. 11:00 og 13:00. Í sameiningu ætlum við að ljúka formlegu skólahaldi þetta vorið með því að halda hátíð, skemmta okkur saman, snæða pylsur og njóta vorsins. Við hvetjum alla forráðamenn sem mögulega geta, að koma og gleðjast með nemendum og starfsfólki.*



Farartæki á hjólum

Við minnum enn og aftur á reglur Glerárskóla um farartæki á hjólum sem finna má á heimasíðu skólans. Einnig brýnum við fyrir nemendum og forráðamönnum að ÖLLUM nemendum ber skylda til að nota HJÁLMA þegar þeir eru á farartækjum á hjólum í skólanum. Öll notkun farartækja á hjólum skal fara fram á hjólavelli eftir settum úthlutunarreglum en rafknúnum -og/eða bensínknúnum hjólum skal leggja á bílastæði.

Skipulagsdagur og uppbrotsdagur í júní

Mánudaginn 1. júní n.k. verður skipulagsdagur í Glerárskóla og þá eru nemendur í fríi. Frístund er opin frá 8. - 16:15. Frá þriðjudegi 2. júní og fram til fimmtudagsins 4. júní verða uppbrots dagar í skólanum en þá er hefðbundin kennsla geymd, nemendur og starfsfólk njóta náttúrunnar og stunda annarskonar nám en það hefðbundna. Skipulag þessara daga hefur verið sent heim nú þegar.

Skólabyrjun Glerárskóla 2015 - 2016

Nýtt skólaár hefst föstudaginn 21. ágúst 2015.

2. - 7. bekkur mætir kl. 9:00 í íþróttasal skólans

8. - 10. bekkur mætir kl. 10:00 í íþróttasal skólans

Að lokinni setningu fara nemendur með umsjónarkennara í heimastofur og fá hagnýtar upplýsingar. Kennsla samkvæmt stundaskrá hefst mánudaginn 24. ágúst 2015.

Nemendur í 1. bekk ásamt forráðamönnum verða boðaðir sérstaklega í viðtal hjá umsjónarkennara á haustdögum.